

## AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbærar  
á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

### *Gulabing 60. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 10. mars 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Gulabing 60. Í breytingunni felst heimild til að reisa 25,4 m<sup>2</sup> bílskýli á norðvesturhorni lóðarinnar. Auk þess breytist aðkoman að húsinu og innra fyrirkomulag.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

### *Bakkabraut 5c. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 28. apríl 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Bakkabraut 5c. Í breytingunni felst að skráningu á 120 m<sup>2</sup> rými neðri hæðar er breytt úr iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

### *Kópavogskirkjugarður. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 28. apríl 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Kópavogskirkjugarð. Í breytingunni felst að þrír stakstæðir byggingarreitir fyrir þjónustubyggingar í vesturhluta garðsins eru sameinaðir í einn bygg-ingarreit fyrir einnar hæðar byggingu; gatnakerfi fyrir akandi umferð innan garðsins er endurskoðað og skipulagsmörk og kortagrunnur eru endurbætt miðað við uppfærð gögn m.a. hvað varðar fyrir-komulag dufstreits.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 8. maí 2020.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.